

FORSPIL

Í bljúgri bæn

Bandarískt þjóðlag/Pétur Þórarinsson

BÆN

Hærra minn Guð til þín

Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphefðin mín.
Hljóma skal harpan mín:
:,: Hærra, minn Guð, til þín, :,:
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilífa
alföðurskaut.
Hljómi svo harpan mín:
:,: Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
:,: Hærra, minn Guð, til þín, :,:
hærra til þín

Matthías Jochumsson

RITNINGARLESTUR

Kveðja

Þar sem englarnir syngja sefur þú,
sefur í djúpinu væra.
Við hin sem lifum, lifum í trú
að ljósið hjarta skæra
veki þig með sól að morgni.
Veki þig með sól að morgni.

Drottinn minn faðir lífsins ljóss
lát náð þína skína svo blíða.
Minn styrkur þú ert, mín lífsins rós,
tak burt minn myrka kvíða.
Þú vekur hann með sól að morgni
þú vekur hann með sól að morgni.

Faðir minn láttu lífsins sól
lýsa upp sorgmætt hjarta.
Hjá þér ég finn frið og skjól.
Láttu svo ljósið þitt hjarta
vekja hann með sól að morgni.
Vekja hann með sól að morgni.

Drottinn minn réttu sorgmæddri sál
svala líknarhönd.
Og slökk þú hjartans harmabál,
slít sundur dauðans bönd.
Svo vaknar hann með sól að morgni.
Svo vaknar hann með sól að morgni.

Farðu í friði vinur minn kær
faðirinn mun þig geyma.
Um aldur og ævi þú verður mér nær,
aldrei ég skal þér gleyma.

Svo vöknum við með sól að morgni.
Svo vöknum við með sól að morgni.

Bubbi Morthens

GUÐSPJALL

Í fjarlægð

Þig sem í fjarlægð fjöllin bak við dvelur
og fagrar vonir tengdir líf mitt við,
Minn hugur þráir, hjartað ákaft saknar,
er horfnum stundum ljúfum dvel ég hjá.
Heyrirðu ei, þig hjartað kallar á.
Heyrirðu ei storm er kveðju mína ber?
Þú fagra minning eftir skildir eina,
sem aldrei gleymist meðan lífs ég er.

Valdimar Hólm Hallstað (Cæsar) / Karl Otto Runolfsson

MINNINGARORÐ

When I think og angels

When I think of angels
I think of you
And your flaming red hair
and the things that you do.

I heard you had left
no it couldn't be true
When I think of angels
I think of you.

Godspeed to you angel
where ever you go
although you have left
I want you to know

My heart's full of sorrow
I wont let it show
I'll see you again
when it's my time to go.

When I think of angels
I think of you

And your flaming red hair
and the things that you do.
I heard you had left
no it couldn't be true

When I think of angels
I think of you.

When I think of angels
I think of you.

KK/KK

BÆN FAÐIR VOR

Þannig týnist tíminn

Líkt og ástarljóð sem enginn fékk að njóta,
eins og gulnað blað sem geymir óræð orð,
eins og gömul hefð sem búið er að brjóta,
þar er ég, þar ert þú, þar er allt það sem ástin okkur gaf

Þannig týnist tíminn, þannig týnist tíminn,
þannig týnist tíminn þó hann birtist við og við.

Líkt og sumarást sem aldrei náði að blómstra,
líkt og tregatár sem geymir falleg bros,
þarna er gömul mynd sem sýnir glaðar stundir,
þar er ég, þar ert þú, þar er allt það sem ástin okkur gaf.

Þannig týnist tíminn, þannig týnist tíminn,
þannig týnist tíminn þó hann birtist við og við.

Líkt og mynd sem bjó í vonarlandi þínu,
eins og æskuþrá sem lifnar við og við,
býr þar sektarkennd sem að ennþá nær að særa,
þar er ég, þar ert þú, þar er allt það sem ástin okkur gaf.

Þannig týnist tíminn, þannig týnist tíminn,
þannig týnist tíminn þó hann birtist við og við.

Líkt og ástarljóð sem enginn fær að njóta
endar sem gulnað blað er geymir óræð orð,
eins og gamalt heit sem búið er að brjóta,
þar er ég, þar ert þú, þar er allt það sem ástin okkur gaf.

Bjartmar Guðlaugsson

MOLDUN

Drottinn er minn hirðir

Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.
Á grænum grundum, lætur hann mig hvílast
leiðir mig að vötnum, þar sem ég má næðis njóta.
Hann hressir sál mína, leiðir mig um réttan veg
fyrir sakir nafns síns.
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal, óttast ég ekkert illt,
því þú ert hjá mér.
Sproti þinn og stafur hugga mig
þú býrð mér borð frammi fyrir fjendum mínum
þú smyrð höfuð mitt með oliu,
bikar minn er barmafullur.
Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.
Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.

Margrét Scheving/Davíðssálmur 23

BLESSUN

EFTIRSPIL


You'll never walk alone

Oscar Hammerstein II / Richard Rodgers



Ástvinir þakka auðsýnda samúð og vinsemd.

*Prestur: Sr. Viðar Stefánsson
Organisti: Kitty Kovács
Einsöngur: Unnur Ólafsdóttir
Gítarleikur: Sigurmundur Gísli Einarsson
Söngur: Söngsveitin Stuðlar*



Páll Pálmason

Fæddur 11. ágúst 1945
Dáinn 6. nóvember 2021



Útför frá Landakirkju
föstudaginn 19. nóvember 2021